



Eftir yfirllestur Sesselju Árnadóttur 22.10.2015 og umræður í samráðsnefnd 27.10.2015

RAMMASAMKOMULAG UM SAMSTARF SVEITARFÉLAGANNA ÁSAHREPPS OG RANGÁRÞINGS YTRA

Aðilar

Aðilar að samkomulagi þessu eru sveitarfélögin Ásahreppur, kt. 430169-0339, Laugalandi 851 Hella og Rangárþing ytra, kt. 520602-3050, Suðurlandsvegi 1, 850 Hella.

Markmið

Samkomulagið tekur til allra tvíhliða samstarfsverkefna sveitarfélaganna og verkefna þar sem ríkið er þriðji aðili. Tilgangur samkomulagsins er að skapa skýran ramma um samstarfið, auðvelda stjórnun verkefna og ákvarðanatöku og búa samstarfsverkefnum traustan og hagfelldan grunn. Markmiðið er að veita íbúum beggja sveitarfélaga eins góða þjónustu og frekast er unnt miðað við þá fjármuni sem veitt er í viðkomandi málaflokka.

Verkefni

Samstarfsverkefni Rangárþings ytra og Ásahrepps eru rekin innan vel skilgreindra byggðasamлага, með þjónustusamningum eða samstarfssamningum eftir því sem hentar best í hverju tilviki og þannig að umgjörð og verklag við rekstur verkefnanna uppfylli lagaskilyrði um samstarf sveitarfélaga sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um samvinnu sveitarfélaga og samninga um starfrækslu verkefna.

Eftirtalin byggðasamlög eru starfrækt:

Húsakynni bs.

Byggðasamlag um allar sameiginlegar fasteignir sveitarfélaganna.

Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.

Byggðasamlag um eignir og rekstur sameiginlegrar vatnsveitu sveitarfélaganna.

Oddi bs.

Deildaskipt byggðasamlag um rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélaganna, þ.e. Leikskólann Laugalandi, Heklukot Hellu, Laugalandsskóla og Grunnskólann Hellu.

Byggðasamlögin starfa öll eftir staðfestum samþykktum (sjá viðhengi 1-3) eins og lög gera ráð fyrir og uppfylla lagaákvæði um byggðasamlög sbr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Eftirtaldir þjónustusamningar (sjá viðhengi 4-10) eru í gildi:

Þjónustusamningur milli skrifstofu Rangárþings ytra og Ásahrepps



Eftir yfirllestur Sesselju Árnadóttur 22.10.2015 og umræður í samráðsnefnd 27.10.2015 Umsjón með sameiginlegum verkefnum, þ.m.t. byggðasamlögum, s.s. bókhald, starfsmannamál, gjaldskrár og samskipti. Einnig rekstur frístunda- og sumarverkefna barna og unglunga og félagsmiðstöð.

Þjónustusamningur milli Rangárþings ytra og Ásahrepps um Íþróttamiðstöð
Umsjón og rekstur sameiginlegra íþróttamannvirkja

Þjónustusamningur milli Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna umsjónar með Holtamannaafrétti

Umsjón með fasteignagjöldum, sameiginlegum mannvirkjum og landi og fjallskilamálum.

Þjónustusamningur milli Eigna- og framkvæmdasviðs Rangárþings ytra og Ásahrepps

Rekstur gámaplans og umsjón með snjómokstri

Þjónustusamningur milli Húsakynna bs. og Eigna- og framkvæmdasviðs Rangárþings ytra

Fasteignausjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum.

Þjónustusamningur milli Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. og Eigna- og framkvæmdasviðs Rangárþings ytra

Fasteignausjón, rekstur og umsjón með verklegum framkvæmdum.

Þjónustusamningur milli Hjúkrunarheimilisins Lundar og Eigna og framkvæmdasviðs Rangárþings ytra

Tímabundinn samningur um eftirlit með byggingaframkvæmdum á viðbyggingu.

Eftirtaldir samstarfssamningar (sjá viðhengi 11-12) eru í gildi:

Samstarfssamningur um fjarskiptainnviði milli Rangárþings ytra og Ásahrepps

Samstarf um uppbyggingu ljósleiðarakerfis.

Samningur um Menningarhús á Hellu

Sameiginlegur samningur sveitarfélaganna við sóknarnefnd Oddakirkju um nýtingu hússins og rekstrarstyrk.

Að auki koma sveitarfélögin sameiginlega að rekstri Lundar, dvalar- og hjúkrunarheimilis ásamt ríkinu. Rekstrarformi þeirrar stofnunar verður ekki breytt að svo stöddu, enda ber ríkið lögum samkvæmt meginábyrgð á fjármögnun rekstrarins. Rekstrarformið verður tekið til skoðunar þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um fyrirhugaðan flutning ábyrgðar á þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga.

Stjórnun og eftirlit

Samstarfsnefnd sveitarfélaganna er samsett úr fullskipuðum sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaganna.



Eftir yfirllestur Sesselju Árnadóttur 22.10.2015 og umræður í samráðsnefnd 27.10.2015

Samstarfsnefndin fer með stjórnun samstarfsverkefna sveitarfélaganna nema kveðið sé á um annars konar fyrirkomulag stjórnunar í byggðasamlögum, þjónustusamningum eða samstarfssamningum. Jafnframt skal samstarfsnefndin hafa eftirlit með framkvæmd samnings þessa.

Samstarfsnefndin hittist á fundum eins oft og þurfa þykir og skal undirbúa sérstakan samráðsdag einu sinni á ári þar sem aðalfundir/ársfundir allra verkefna innan rammans eru haldnir. Þennan samráðsdag skal halda í maímánuði og er hann opinn öllum íbúum sveitarfélaganna. Samstarfsnefndin skal skila sameiginlegri ársskýrslu til beggja sveitarstjórna og skulu sveitarstjórar beggja sveitarfélaganna annast undirbúning hennar.

Gildistími og uppsagnarákvæði

Samkomulagið tekur gildi þegar það hefur hlotið samþykki beggja sveitarstjórnanna og gildir ótímabundið, en er uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara. Hvort sveitarfélag um sig getur óskað eftir því á fyrsta starfsári nýrrar sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum að samkomulagið sé tekið til endurskoðunar. Skal þá skipuð sérstök viðræðunefnd sveitarfélaganna til að yfirfara samstarfið og gera tillögur um breytingar.

„Réttarnesi“ 11. desember 2015

Sveitarstjórn Ásahrepps

Sveitarstjórn Rangárþings ytra



Listi yfir viðhengi með Rammasamkomulagi

1. Samþykktir fyrir Húsakynni bs.
2. Samþykktir fyrir Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs.
3. Samþykktir fyrir Odda bs. (byggðasamlag um rekstur leik- og grunnskóla Rangárþings ytra og Ásahrepps)
4. Þjónustusamningur milli skrifstofu Rangárþings ytra og Ásahrepps
5. Þjónustusamningur milli Rangárþings ytra og Ásahrepps um Íþróttamiðstöð
6. Þjónustusamningur milli Ásahrepps og Rangárþings ytra vegna umsjónar með Holtamannaafretti.
7. Þjónustusamningur milli Eigna- og framkvæmdasviðs Rangárþings ytra og Ásahrepps.
8. Þjónustusamningur milli Húsakynna bs. og Eigna- og framkvæmdasviðs Rangárþings ytra.
9. Þjónustusamningur milli Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. og Eigna- og framkvæmdasviðs Rangárþings ytra.
10. Þjónustusamningur milli Hjúkrunarheimilisins Lundar og Eigna og framkvæmdasviðs Rangárþings ytra.
11. Samstarfssamningur um fjarskiptainviði milli Rangárþings ytra og Ásahrepps
12. Samningur um Menningarhús á Hellu